

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

3. mars 2015

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Á föstudaginn í síðustu viku fórum við á skíði í Tindastóli. Óhætt er að segja að flestir hafi skemmt sér vel og margir af krökkunum farnir að sýna lipra takta á skíðum.

Starfið framundan:

Danssýning.

Föstudaginn 6. mars kl. 12:00 verður danssýning í Höfðaborg, þar sem við vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Upplestrarkeppni

Þriðjudaginn 10. mars verður upplestrarkeppnin hjá 7. bekkingum í Skagafirði. Í þessari viku verður haldin keppni um hverjir verða fulltrúar Grunnskólans austan Vatna.

Skólahreysti

Miðvikudaginn 11. mars munu nemendur GAV keppa í skólahreysti á Akureyri í Norðurlandsriðli. Fer keppnin fram í Íþróttahöllinni og hefst kl.13:00. Nemendur í 8., 9. og 10. bekk fara með keppendum til Akureyrar. Ferðin verður betur auglýst er nær dregur.

Písakönnun

Könnunin er lögð fyrir alla 15 ára krakka á Íslandi á þriggja ára fresti. Hún á að meta hvernig nemendum gengur að leysa ýmis verkefni sem þeir þurfa að fást við í námi og starfi. Könnunin fer fram á skólatíma 13. mars og tekur tvo tíma að leysa hana.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi